

Fundargerð

36. fundur íþróttá og tómstundanefndar Langanesbyggðar þann 11.júní 2009 í fundarherbergi Langanesbyggðar kl. 16:00.

Mætt eru: Linda E. Pehrsson, Hulda Sigurðardóttir, Hilma Steinarsdóttir, Halldóra Gunnarsdóttir, Gunnólfur Lárusson, sveitarstjóri og Sóley Vífilsdóttir.

Dagskrá.

1. Mál. Skólagarðar og smíðavöllur.

Enginn starfsmaður hefur fengist enn, ákveðið að halda áfram að leita að starfsmanni. Ef enginn finnst er ákveðið að bjóða fjölskyldum reit til afnota í garðinum.

2. Mál. Svartholið.

Halldóra fjallaði um starfssemi Svartholsins, hvað var gert og hvernig gekk í vetur. Fjallað um næsta vetur, ýmsar hugmyndir ræddar. Ákveðið að funda með nemendum 7. – 10. bekkjar í haust og skipuleggja næsta vetur í framhaldi af því.

3. Mál. Opnunartími íþróttamiðstöðvar í sumar.

Málin rædd.

4. Mál. Hátíðarhöld á Þórshöfn,

Eggjahátíð í maí. Halldóra fjallaði um hvernig eggjahátíðin gekk fyrir sig. 17. júní Linda fjallaði um undirbúning. Ungmennafélagið sér um kaffi og veitingar sem verða í Verinu.

5. Mál. Kvennahlaup.

Starfsmenn hafa séð um hlaupið og verður engin breyting þar á.

6. Mál. Framboð íþróttæfinga í sumar fyrir börn og fullorðna.

Almenn ánægja með framboðið í sumar.

7. Mál. Gönguferðir.

Nokkrar skipulagðar gönguferðir í sumar hér á svæðinu og í nærsveitarfélögum.

Almenn ánægja með það.

8. Mál. Hjólað í vinnuna.

Halldóra kynnti í vetur átakið og skráðu nokkur lið sig til leiks í Langanesbyggð.

9. Mál . Kátir dagar.

Halldóra kynnti dagskrá og fjallaði um undirbúning hátíðarinnar.

10. Mál. Önnur Mál.

Halldóra fjallaði um vinnuskólann. Unglingarnir sóttu námskeið í fjármálum og eru fleiri námskeið framundan.

Ákveðið að næsti fundur verði 19. Ágúst í fundarstofu Langanesbyggðar.

Fundi slitið kl. 17:20.

Hilma Steinarsdóttir, ritari.